

Reykjavík, 1. nóvember 2017
R17110003

Forsætisnefnd

Fyrirspurn um varaáheyrnarfulltrúa í borgarráði.

Með tölvubréfi dags. 24. október 2017 til forseta borgarstjórnar óskaði Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir eftir því að forsætisnefnd tæki það til skoðunar hvort heimilt væri að varaborgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina tæki sæti í borgarráði sem varaáheyrnarfulltrúi við forföll áheyrnarfulltrúa framboðsins. Í erindinu er vísað til ákvæðis 3.mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem fram kemur að aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörní byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Í 45. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar kemur fram að framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þáttöku á fundum borgarráðs með málfrælsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í borgarráði skulu vera aðalmenn í borgarstjórn, sbr. 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í 50. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að þegar sveitarstjórn hefur verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þáttöku í fundum nefndarinnar. Hið sama á við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir. Í greinargerð með lögunum kemur fram um þetta ákvæði að rétturinn til að tilnefna áheyrnarfulltrúa skv. 1. mgr. 50. gr. er þeirra framboða sem buðu fram í sveitarstjórn. Miða skal við þá lista sem voru í kjöri til sveitarstjórnar. Hér er því ekki um að ræða rétt einstakra sveitarstjórnarmanna, t.d. ef þeir síðar á kjörtímabili segja sig úr þeim stjórmálflokki sem þeir tilheyrdú þegar kosning í sveitarstjórn fór fram. Sömu skilyrði gilda um áheyrnarfulltrúa og gilda um kjörgengi í nefndina. Í því felst t.a.m. að áheyrnarfulltrúi í byggðarráð verður að vera aðalmaður í sveitarstjórninni. Rétt er að taka fram að sveitarstjórn er almennt heimilt að ákveða ríkari rétt fulltrúa í sveitarstjórn til að

tilnefna áheyrnarfulltrúa, t.d. í nefndum sem ekki hafa fengið framselt fullnaðarákvörðunarvald í málum.

Í 67. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar kemur fram að framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í nefnd er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

Með vísan til ofangreinds er niðurstaðan sú að Reykjavíkurborg hefur ákvarðað ríkari rétt fulltrúa í sveitarstjórn til að tilnefna áheyrnarfulltrúa í samþykkt sinni um stjórn sveitarfélagsins eins og henni er heimilt að gera. Í greinargerð með gildandi sveitarstjórnarlögum kemur þar að auki fram að sömu skilyrði gilda um áheyrnarfulltrúa og gilda um kjörgengi í nefndina. Í því felst t.a.m. að áheyrnarfulltrúi í byggðarráð verður að vera aðalmaður í sveitarstjórninni og er því óumflýjanlegt að líta svo á að heimildir til tilnefningar varaáheyrnarfulltrúa sé bundin sömu skilyrðum og gilda um kjörna fulltrúa og varamenn í borgarráði.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar